



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/1541
komudagur 8.4.2014

Reykjavík 8. apríl 2014.

Efni: Umsögn um tillögur til þingsályktunar, 340. mál, 344. mál og 352. mál.

Utanríkismálasnefnd Alþingis hefur sent Sjómannasambandi Íslands þrjár tillögur til þingsályktunar til umsagnar. Tillögurnar lúta að því hvort draga eigi umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu til baka, efna eigi til ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald aðildarviðræðanna við Evrópusambandið eða hvort taka eigi formlegt hlé á aðildarviðræðunum.

Sjómannasamband Íslands telur það hafa litla þýðingu að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu um málið þar sem ekki liggur fyrir hvert innihald samnings við Evrópusambandið er fyrir en viðræðunum er lokið.

Sjómannasamband Íslands er því sömu skoðunar og fram kom í umsögn þann 15. júní árið 2009 um tillögu til þingsályktunar um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Sjómannasamband Íslands telur sem sagt að ljúka eigi aðildarviðræðunum við Evrópusambandið. Þann samning sem þá liggur fyrir eigi síðan að setja í þjóðaratkvæðagreiðslu og fá þannig úr því skorið hvort þjóðin vill á grundvelli samningsins ganga í Evrópusambandið eða ekki.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

Hólmgeir Jónsson